

Menntasjóður námsmanna

Ársreikningur 2023



Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðenda	2 - 3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4 - 5
Yfirlit yfir afkomu ársins	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 36

Menntasjóður námsmanna
Kennitala: 710169-0989
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar, framkvæmdastjóra Menntasjóðs námsmanna og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Menntasjóðs námsmanna. („sjóðurinn“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir ársreikningi. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikning sjóðsins

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinber félög. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðenda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism).

Áritun óháðs endurskoðanda frh.:

Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnun og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistak þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 18. apríl 2024

Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Ársreikningur Menntasjóðs námsmanna fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og er að finna á forsíðu ársreiknings.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tað sjóðsins um 3.434,9 millj. kr. á árinu 2023 (2022: hagnaður 1.038,2 millj. kr.) og lækkaði því um 4.473,1 millj. kr. eða um 430,9%. Heildareignir í árslok námu 154.918 millj. kr. (2022: 214.793,1 millj. kr.) og skuldir í árslok námu 90.725,5 millj. kr. (2022: 90.124,2 millj. kr.). Bókfært eigið fé sjóðsins nam 64.192,5 millj. kr. í árslok (2022: 124.668,9 millj. kr.). Í árslok var eiginfjárlutfall sjóðsins 41,44% (2022: 58,04%). Innleiðing IPSAS kom til lækkunar á heildareignum og eigið fé, sjá skýringu 2.

Meðalfjöldi ársverk hjá sjóðnum voru 30,91 á árinu 2023 (33,37 á árinu 2022).

Starfsemi Menntasjóðs námsmanna á árinu

Árið 2023 var þriðja fulla rekstrarár eftir að ný lög um Menntasjóð námsmanna (MSNM) tóku gildi en þau voru samþykkt 9. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí 2020. Löggin fela í sér grundvallarbreytingu á stuðningskerfi ríkisins við námsmenn, þar sem lánþegar skv. nýjum lögum fá 30% niðurfærslu af höfuðstól námsláns ef þeir ljúka námi innan tilskilins tíma og námsmenn með börn á framfæri fá styrk vegna framfærslu barna ljúki þeir að lágmarki 22 ECTS-einingum á önn. Þá hafa námsmenn sem eru undir 40 ára val (35 ára fimm árum eftir að löggin tóku gildi) um fjórar endurgreiðsluleiðir þ.e. að endurgreiða námslánin sem tekjutengd lán og þá annað hvort verðtryggð eða sem óverðtryggð lán eða sem jafngreiðslulán og þá annað hvort verðtryggð eða óverðtryggð. Námsmenn sem ljúka námi eftir þennan aldur hafa eingöngu val um jafngreiðslulán og þá annað hvort verðtryggð eða óverðtryggð. Á árinu 2023 voru greiðendur H-lána alls 3.935 (2022: 1.805). Af þeim sem voru yngri en 40 ára völdu 71,3% jafngreiðslulán en 28,7% tekjutengt lán. Ekki er talið að þetta hlutfall verði endilega lýsandi fyrir komandi H-lána greiðendur sem geta valið á milli tekjutengdra afborgana og jafngreiðslulána þar sem allir þessir nýju greiðendur eru með lága námslánskuld vegna H-lána því flestir eru jafnframt með G-lán. Þá völdu 68,38% nýrra greiðenda að endurgreiða lán sín með óverðtryggðum kjörum á árinu 2023 samanborið við 81,27% á árinu 2022.

Áhættustýring

Menntasjóður námsmanna notar umgjörð samhförar áhættustýringar til að tryggja að áhættur séu skilgreindar og að þeim sé stjórnað á skipulegan hátt til að ná hæfilegri fullvissu um að yfirsýn og skilningur á áhættum í starfsemi sjóðsins sé til staðar á hverjum tíma á öllum sviðum í starfseminni. Áhættustefna sjóðsins miðar við rekstraráhættur sjóðsins sem eru í reglubundinni vöktun yfir árið en aðrar helstu áhættur hafa verið skilgreindar og eru mældar að lágmarki árlega, sjá nánar í skýringu 21.

Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)

Menntasjóður námsmanna beitti í fyrsta skipti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS") við gerð þessa ársreiknings þ.e. fyrir árið 2023. MSNM flokkast sem svokölluð A2 ríkisstofnun (áður C-hluta stofnun) skv. 52 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr.lög nr. 131/2021 og skulu reikningsskil fyrir stofnanir sem falla undir þann flokk gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miðað við rekstrargrunn (IPSAS). Sjóðurinn hóf innleiðingu IPSAS á árinu 2022. Upptaka IPSAS í ársreikningi 2023 hefur haft áhrif á mat og færslu eigna, skulda, tekna, gjalda og eiginfjárliða og jafnframt haft í för með sér breytingar á hugtakanotkun, framsetningu og upplýsingagjöf í skýringum. Nánar er fjallað um innleiðingu á IPSAS í skýringu 2.

Með upptöku og innleiðingu á IPSAS urðu verulegar breytingar á matsaðferð á útlánnum sjóðsins. Núverandi matsaðferð á að endurspeglar gangvirði útlána í lok sérhvers reikningsskilatímabils sem það gerði ekki áður. Forsendur gangvirðis eru töluverðar og geta tekið breytingur miðað við innri og ytri forsendur og því getur gangvirði lánanna breyst töluvert frá einum tíma til annars.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Menntasjóðs námsmanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. apríl 2024

Stjórn Menntasjóðs námsmanna

Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir, formaður

Nanna Kristín Tryggvadóttir

Jóhannes Stefánsson

Tryggvi Másson

Steinunn Bergmann

Erla Björg Eyjólfsdóttir

Katrín Oddsdóttir

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson

Jóna Þórey Pétursdóttir

Þórdís Anna Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir

Ársreikningur Menntasjóðs námsmanna fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn félagsins og framkvæmdastjóra og er að finna á forsíðu ársreiknings.

Yfirlit yfir afkomu ársins 2023

	Skýr.	2023	2022*
Framlag ríkissjóðs	6	<u>1.531.300</u>	<u>1.603.800</u>
Fjármagnsliðir			
Námslán á gangvirði		4.546.662	
Fjármunatekjur		1.493.144	11.538.583
Fjármagnsgjöld		(10.208.522)	(11.323.553)
Hreinar fjármunatekjur	7	<u>(4.168.716)</u>	<u>215.030</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Tilkynningargjald		129.986	111.157
Aðrar tekjur		9.285	8.591
Aðrar rekstrartekjur		<u>139.271</u>	<u>119.748</u>
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	385.716	389.023
Rekstrarkostnaður	9	350.284	346.907
Afskriftir	10	200.758	164.444
		<u>936.759</u>	<u>900.374</u>
		(4.966.205)	(565.595)
Tekjuafgangur ársins		<u><u>(3.434.905)</u></u>	<u><u>1.038.205</u></u>

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Eignir				
Sjóður og bankainnstæður		23.030.455	20.066.002	20.066.002
Skammtímakröfur	11	3.024.956	787.910	783.288
Námslán	16	128.097.125	136.546.046	193.510.810
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	52.912	73.461	73.461
Leigueign	14	385.900	390.248	
Óefnislegar eignir	13	326.619	359.489	359.489
Eignir alls		<u>154.917.966</u>	<u>158.223.156</u>	<u>214.793.050</u>
Skuldir				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ...	18	62.306	109.580	109.580
Vaxtaberandi langtímaskuldir	17	90.270.112	90.014.600	90.014.600
Leiguskuldbinding	14	393.056	390.248	
Skuldir alls		<u>90.725.474</u>	<u>90.514.428</u>	<u>90.124.180</u>
Hrein eign		<u>64.192.492</u>	<u>67.708.728</u>	<u>124.668.870</u>
Eigið fé alls		<u>64.192.492</u>	<u>67.708.728</u>	<u>124.668.870</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>154.917.966</u>	<u>158.223.156</u>	<u>214.793.050</u>

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Yfirlit um breytingu eigin fjár 31. desember 2023

	Hrein eign*
Hrein eign 1.1.2022	123.630.666
Tekjuafgangur ársins	1.038.205
Hrein eign 1.1.2023	<u>124.668.870</u>
*Áhrif af upptöku IPSAS	<u>(56.960.142)</u>
Hrein eign 1.1.2023 samkvæmt IPSAS	67.708.728
Breyting á H-lánum	(127.536)
Aðrar leiðréttingar tengdar fyrra ári	46.204
Tekjuafgangur ársins	<u>(3.434.905)</u>
Hrein eign 31.12.2023	<u>64.192.492</u>

*Sjá lýsingu á IPSAS innleiðingu í skýringu 2. Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022*
Rekstrarhreyfingar			
Tekjuafgangur ársins		(3.434.905)	1.038.205
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	10	200.758	164.444
Hreinar fjármunatekjur		9.444.806	4.853.818
Veltufé frá rekstri		<u>6.210.660</u>	<u>6.056.467</u>
Veitt námslán	16	(8.676.925)	(9.549.864)
Afborganir námslána	16	14.578.891	16.454.689
Breytingar á öðrum rekstrartengdum eignum		(2.544.838)	(3.005.295)
Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	17	(6.488.283)	(5.945.996)
Breytingar á öðrum rekstrartengdum skuldum		(47.274)	61.834
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti		<u>3.032.231</u>	<u>4.071.835</u>
Innborgaðir vextir af útlánnum		1.708.857	1.818.526
Innborgaðir vextir af bankainnistæðum		1.491.685	590.117
Greiddir vextir af langtímaskuldum		(3.111.345)	(3.604.898)
Greiddir vextir af leiguskuldbindingu		(16.792)	
Handbært fé frá rekstri		<u>3.104.636</u>	<u>2.875.580</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12, 13	<u>(114.047)</u>	<u>(106.275)</u>
		<u>(114.047)</u>	<u>(106.275)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir leiguskuldar	14	<u>(26.135)</u>	
		<u>(26.135)</u>	
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		20.066.002	17.296.697
Handbært fé í lok árs		<u><u>23.030.456</u></u>	<u><u>20.066.002</u></u>

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Menntasjóður námsmanna (MSNM) er með starfsstöð sína á Íslandi og er lögheimili að Borgartúni 21 í Reykjavík. Aðalstarfsemi stofnunarinnar felst í að veita lán til lánshefs framhaldsnáms og tryggja jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn sér jafnframt um veitingu jöfnunarstyrkja til nemenda á framhaldsskólastigi eftir þeim reglum sem um styrkinn gildir. Sjóðurinn telst til A2-hluta ríkissjóðs og heyrir undir Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Sjóðurinn starfar í samræmi við lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna.

2. Grundvöllur reikningsskila

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn sé fylgt

Ársreikningur 2023 er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS, eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu IPSASB sem eru í gildi í árslok 2023 með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum í samræmi við innleiðingarætlun auk þess sem stuðst er við viðbótarkröfur laga um ársreikninga nr. 3/2006, efir því sem við á. Ársreikningur sjóðsins byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskilyldum námslánnum og innbyggðum afleiðum sem færð eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill stofnunarinnar. Fjárhæðir eru námundaðar að næstu milljón nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Stjórn Menntasjóðs ásamt framkvæmdarstjóra staðfesta ársreikning 2023 þann 18. apríl 2024.

2.1 Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)

Þessi ársreikningur er fyrsti ársreikningur MSNM sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) sem miða við rekstrargrunn og hefur IPSAS 33, sem snýr að innleiðingu IPSAS í fyrsta sinn, verið beitt. Fyrri ársreikningar voru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. MSNM hefur í samræmi við innleiðingarheimildir IPSAS valið að endurgera samanburðartölur frá ársreikningi 2022 og er það í samræmi við lög um ársreikninga. Innleiðingardagur IPSAS er því 1. janúar 2023 og birtur er opnunarefnahagsreikningur miðað við þá dagsetningu í samræmi við kröfur staðlanna. Opnunarefnahagsreikningurinn byggir á efnahagsreikningi sjóðsins í árslok 2022 samkvæmt lögum um ársreikninga, aðlagð með tilliti til krafna IPSAS. Yfirlit um afkomu ársins 2022 og stöður í efnahagsreikningi 31. desember 2022 eru sem fyrr segir í samræmi við lög um ársreikninga.

Sá staðall sem hefur hvað mest áhrif á upptöku sjóðsins á IPSAS reikningsskilastaðli er staðallinn IPSAS 41 Fjármálagerningar sem tóku gildi 1. janúar 2023. Staðallinn kemur í staðinn fyrir IPSAS 29 um fjármálagerninga og hefur áhrif til endurbóta á IPSAS 28 um framsetningu fjármálagerninga og IPSAS 30 um skýringar fjármálagerninga samhliða útgáfu IPSAS 41. Menntasjóður hefur jafnframt ákveðið að innleiða staðallinn IPSAS 43 um leigusamninga fyrir gildistöku hans sem er 1. janúar 2025, en slíkt er heimilt í þeim tilfellum sem IPSAS 41 hefur verið innleiddur. Við innleiðingu er færð leiguskuldbinding vegna rekstrarleigusamnings MSNM og samsvarandi leigueign á móti. Áhrif innleiðingar af IPSAS 41 eru töluverð á hreinar eignir 31. desember 2022 samanber upplýsingar í töflu hér að neðan.

Aðrar breytingar á ársreikning vegna innleiðingar á IPSAS staðli eru að framsetning fjárhagsupplýsinga tekur einhverjum breytingum. Þannig eru óefnislegar eignir aðgreindar frá varanlegum rekstrarfjármunum í efnahagsreikningi og skýringum í samræmi við kröfur IPSAS 1 um framsetningu reikningsskila. Þá hefur röð liða í efnahagsreikningi verið breytt á þann veg að eignir og skuldir eru sýndar frá hinu kvikasta til hins fastasta í samræmi við kröfur IPSAS 1. Í sjóðsstreymi er búið að sundurgreina breytingar á rekstrartengdum eignum og rekstrartengdum skuldum og innborgaðir og greiddir vextir sýndir í sjóðstreymi undir rekstrarsjóðstreymi í samræmi við kröfur IPSAS 2 Sjóðstreymi. Þá hafa skýringar verið uppfærðar í samræmi við kröfur þeirra IPSAS staðla sem innleiddir voru í þessi reikningsskil.

Skýringar

2.1 Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) (framhald)

Áhrif innleiðingar á efnahagsreikning 1. janúar 2023

Heildaráhrif af innleiðingu IPSAS á eigið fé MSNM þann 1. janúar 2023 er 56.569,9 millj. kr. Áhrifunum er lýst nánar hér að neðan.

	Ársreikninga- lög 1.1.2023	Aðlögun	IPSAS 1.1.2023
Eignir			
Námslán (i)	193.510.810	(56.964.764)	136.546.046
Leigugeign (iii)		390.248	390.248
Eignir samtals	193.510.810	(56.574.516)	136.936.294
Eigið fé og skuldir			
Leiguskuldbinding (ii)		(390.248)	(390.248)
Skuldir samtals		(390.248)	(390.248)
Hrein eign (i)(ii)	(124.668.870)	56.960.142	(67.708.728)
Skuldir og hrein eign samtals	(124.668.870)	56.569.894	(68.098.976)

Uppsetningu á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi er breytt í samræmi við kröfur IPSAS 1.

Innleiðing hefur áhrif á sjóðstreymi þar sem greidd húsaleiga sem var áður sett fram meðal rekstrarhreyfinga er nú sett fram annars vegar sem afborgun af leiguskuldbindingu meðal fjármögnunarhreyfinga og hins vegar meðal rekstrarhreyfinga sem greiddir vextir. Sjá upplýsingar um fjárhæðir í skýringu 14 vegna leigusamninga.

(i) Námslán - Gangvirðisbreyting

Í samræmi við IPSAS 41 verða lánveitingar MSNM til námsmanna færðar á gangvirði í gegnum afkomu en áður höfðu námslán verið færð á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eftirstöðvar nafnverðs þeirra námslána sem eru verðtryggð reiknuð upp miðað við gildandi vísitölu í lok tímabilsins. Námslánin voru þannig færð á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu afskriftareiknings útlána til að mæta áætlðu útlánatapi.

Breyting á reikningahaldslegri meðferð mun hafa þau áhrif að gangvirði námslána er metið á hverjum reikningsskiladegi og gangvirðisbreytingin færð í gegnum afkomu og mun hún endurspeglar tapsáhættu, vaxtatekjur, verðbætur, afföll og aðrar þjóðhagslegar breytur sem hafa áhrif á gangvirði námslána.

(ii) Leiguskuldbinding

Leigugeign er jöfn leiguskuldbindingu á innleiðingardegi 1. janúar 2023. Afborgun leiguskuldbindingar er færð til lækunar á leiguskuldbindingu Menntasjóðsins og vaxtagjöld færð meðal fjármunagjalda samanber skýring 14.

(iii) Samanburðartölur

MSNM nýtir sér heimild IPSAS 33 til að endurgera ekki samanburðartölur. Mat þeirra er því óbreytt frá fyrra ári og í samræmi við lög um ársreikninga. Framsetning á ákveðnum liðum hefur þó breyst, sjá nánar hér að neðan.

Framsetning á liðum í yfirliti um afkomu er samandregin frá því sem var í ársreikningi 2022, en nú eru vaxtatekjur dregin saman í eina tölu í yfirlitinu (fjármunatekjur) og það sama á við um vaxtagjöld (fjármagnsgjöld). Þá er framlag í afskriftareikning útlána 2022 ekki sérgreint heldur fært í línuna fjármunatekjur.

Framsetning á liðum efnahagsreiknings er einnig samandregin frá því sem var í ársreikningi 2022. Skammtímakröfur (stöður við ríkissjóðs og aðrar kröfur) eru settar fram í einni tölu og hrein staða útlána er sýnd í einni tölu í stað skiptingar á vergri stöðu niður á tegundir lána og sérgreindri stöðu afskriftareiknings. Þá eru áfallnir vextir langtímalána ekki sérgreindir heldur flokkaðir með stöðu vaxtaberandi langtímaskulda.

Framsetning á liðum sjóðstreymis er breytt frá því sem var í ársreikningi 2022. Veitt námslán og innheimtar afborganir af námslánum eru sýnd með rekstrarhreyfingum í stað fjárfestingarhreyfinga og afborganir langtímalána eru einnig sýndar með rekstrarhreyfingum í stað fjármögnunarhreyfinga.

Skýringar

2.1 Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) (framhald)

Staðlar sem hafa verið gefnir út en með gildisdag eftir 31. desember 2023

IPSAS 44 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi tekur gildi 1. janúar 2025. Staðallinn er ekki talinn hafa veruleg áhrif á reikningsskil Menntasjóðsins.

IPSAS 45 Varanlegir rekstrarfjármunir tekur gildi 1. janúar 2025. Staðallinn tekur við af IPSAS 17 og er ekki talinn hafa veruleg áhrif á reikningsskil Menntasjóðsins.

IPSAS 46 Mat og mælikvarðar tekur gildi 1. janúar 2025. Staðallinn er tilkomin vegna uppfærslu á kafla 7 í hugtakaramma IPSAS. Staðallinn er ekki talinn hafa veruleg áhrif á reikningsskil Menntasjóðsins.

IPSAS 47 Tekjur tekur gildi 1. janúar 2026. Staðallinn kemur í staðinn fyrir IPSAS 9, 11 og 23. Staðallinn er ekki talinn hafa veruleg áhrif á reikningsskil Menntasjóðsins en getur haft áhrif á upplýsingagjöf og flokkun.

IPSAS 48 Tilfærsluútgjöld tekur gildi 1. janúar 2025. Staðallinn kemur í staðinn fyrir IPSAS 9, 11 og 23. Staðallinn er ekki talinn hafa veruleg áhrif á reikningsskil Menntasjóðsins.

3. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi sjóðsins og telja sjóðinn hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er því gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi sjóðsins gefa til kynna að hann hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

4. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Liður	Skýring	Staðall
Varanlegri rekstrarfjármunir	Skýring 12 - Mat á líftíma rekstrarfjármuna	IPSAS 31
Óefnislegar eignir	Skýring 13 - Mat á líftíma óefnislegra eigna	IPSAS 31
Leigueign og -skuld	Skýring 14 - Mat á afvöxtunarstuðli	IPSAS 43
Námslán	Skýring 16 - Gangvirðismat námslána	IPSAS 41

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti sjóðsins þar sem skyld lán eru flokkuð saman þ.e. lán sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna svokölluð H-lán og lán sem veitt voru eftir svokallaða eldra kerfi þ.e. lánaflokkar V, S, R og G lán. Rekstrarafkoma, eignir og skuldir taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfspætti. Vextir vegna innbyrðis lána er byggt á vaxtakjörum sem bjóðast sjóðnum á hverjum tíma sem eru sömu vaxtakjör og lánþegar endurgreiða til sjóðsins að frádregnu vaxtaálagi. Meðalvextir á árinu 2023 námu 2,38% (2022: 0,63%). Sjá nánar umfjöllun um lánaflokkka sem flokkaðir eru samkvæmt nýja og gamla kerfinu í skýringu 16 um námslán.

Veitt ný útlán á árinu 2023 eru að mestu leyti vegna útlána H-lána eða samkvæmt nýjum lögum nr. 60/2020. Fjárveiting til reksturs Menntasjóðs námsmanna er sýnd undir nýja kerfinu í starfspáttayfirliti enda endurspeglar það að nánast öll veitt ný útlán á árinu voru veitt á grundvelli nýrra laga.

Við upptöku alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) breyttist framsetning ársreiknings Menntasjóðs námsmanna á árinu 2023. Innleiðingardagur IPSAS er 1. janúar 2023 og birtur er opnunarefnahagsreikningur starfspáttayfirlits miðað við þá dagsetningu í samræmi við kröfur staðalsins. Vegna gjaldfærslu lána milli nýja kerfisins og gamla kerfisins þá hefur það í för með sér að niðurstöður í starfspáttayfirliti breytast á milli ára. Þessar breytingar á milli ára fara í gegnum eigið fé. Breyting á aðferðarfræði vegna þessa fólst í því að nú er miðað við að lán milli kerfanna séu verðtryggð og þau vaxtareiknuð miðað við meðalvexti sem sjóðnum bjóðast hjá ríkissjóði á hverjum tíma sem eru jafnframt sömu vextir og vaxtakjör og greiðendum námslána greiða sjóðnum til baka á hverjum tíma. Áhrif þessa eru að gjaldfærðar eru 1.565 m.kr. á árinu 2023 á nýja kerfi gamla kerfinu til tekna. Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla og áhrif þess á hreina eign sjóðsins er lýstur í skýringu 2.1 og breytingar vegna nýrrar aðferðarfræði í starfspáttayfirlitinu vegna ársins 2022 eru 5.267 m.kr. og eru þær færðar í gegnum eigið fé milli kerfa.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2023

	Nýja kerfi (H-lán)	Gamla kerfi (V,S,R,G -lán)	Jöfn.færsl.	Ársreikningur alls
Framlag ríkissjóðs	1.181.400	349.900		1.531.300
Fjármagnsliðir				
Námslán á gangvirði	1.923.199	2.623.463		4.546.662
Fjármunatekjur	1.493.144	1.565.208	(1.565.208)	1.493.144
Fjármagnsgjöld	(1.582.001)	(10.191.730)	1.565.208	(10.208.522)
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	1.834.342	(6.003.059)		(4.168.716)
Aðrar rekstrartekjur				
Tilkynningargjald	129.986			129.986
Aðrar rekstrartekjur	9.285			9.285
Aðrar rekstrartekjur	139.271			139.271
Önnur rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	(385.716)			(385.716)
Annar rekstrarkostnaður	(350.284)			(350.284)
Afskriftir	(200.758)			(200.758)
	(936.759)			(936.759)
Tekjuafgangur ársins	2.218.254	(5.653.159)		(3.434.905)

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit frh.

Efnahagsreikningur þann 31.12.2023

	Nýja kerfi (H-lán)	Gamla kerfi (V,S,R,G -lán)	Jöfn.færsl.	Ársreikningur alls
Eignir				
Sjóður og bankainnstæður		23.030.455		23.030.455
Aðrar kröfur	3.024.956			3.024.956
Námslán	15.415.377	126.456.994	(13.775.246)	128.097.125
Varanlegir rekstrarfjármunir	52.912			52.912
Leigueign	385.900			385.900
Óefnislegar eignir	326.619			326.619
Eignir alls	19.205.763	149.487.449	(13.775.246)	154.917.966
Skuldir og eigið fé				
Skuldir				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	62.306			62.306
Vaxtaberandi langtímaskuldir	13.775.246	90.270.112	(13.775.246)	90.270.112
Leiguskuldbinding	393.056			393.056
	14.230.608	90.270.112	(13.775.246)	90.725.474
Eigið fé	4.975.155	59.217.337		64.192.492
Skuldir og eigið fé alls	19.205.763	149.487.449	(13.775.246)	154.917.966

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit frh.

Efnahagsreikningur þann 1.1.2023 - Innleiðing IPSAS

	Nýja kerfi (H-lán)	Gamla kerfi (V,S,R,G -lán)	Jöfn.færsl.	Ársreikningur alls
Eignir				
Sjóður og bankainnstæður		20.066.002		20.066.002
Aðrar kröfur	787.910			787.910
Námslán	12.739.690	133.831.553	(10.025.198)	136.546.046
Varanlegir rekstrarfjármunir	73.461			73.461
Leigueign	390.248			390.248
Óefnislegar eignir	359.489			359.489
Eignir alls	14.350.798	153.897.555	(10.025.198)	158.223.156
Skuldir og eigið fé				
Skuldir				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	109.580			109.580
Vaxtaberandi langtímaskuldir	10.025.198	90.014.600	(10.025.198)	90.014.600
Leiguskuldbinding	390.248			390.248
	10.525.025	90.014.600	(10.025.198)	90.514.428
Eigið fé	3.825.773	63.882.956		67.708.728
Skuldir og eigið fé alls	14.350.798	153.897.556	(10.025.198)	158.223.156

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit frh.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2022*

	Nýja kerfi (H-lán)	Gamla kerfi (V,S,R,G -lán)	Jöfn.færsl.	Ársreikningur alls
Framlag ríkissjóðs	1.114.400	489.400		1.603.800
Fjármunatekjur	1.274.805	10.824.625	(560.847)	11.538.583
Fjármagnsgjöld	(1.815.449)	(10.068.951)	560.847	(11.323.553)
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	(540.644)	755.675		215.030
Aðrar rekstrartekjur				
Tilkynningargjald		111.157		111.157
Aðrar rekstrartekjur		8.591		8.591
Aðrar rekstrartekjur		119.748		119.748
Önnur rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	(389.023)			(389.023)
Annar rekstrarkostnaður	(346.907)			(346.907)
Afskriftir	(164.444)			(164.444)
	(900.374)			(900.374)
Tekjuafgangur ársins	(326.618)	1.364.823		1.038.205

Efnahagsreikningur þann 31.12.2022*

	Nýja kerfi (H-lán)	Gamla kerfi (V,S,R,G -lán)	Jöfn.færsl.	Menntasjóður samtsals
Eignir				
Sjóður og bankainnstæður		20.066.002		20.066.002
Aðrar kröfur		783.288		783.288
Námslán	20.893.582	202.201.645	(29.584.417)	193.510.810
Varanlegir rekstrarfjármunir		73.461		73.461
Óefnislegar eignir		359.489		359.489
Eignir alls	20.893.582	223.483.885	(29.584.417)	214.793.050
Skuldir og eigið fé				
Skuldir				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		109.580		109.580
Vaxtaberandi langtímaskuldir	21.047.166	98.551.850	(29.584.417)	90.014.600
Skuldir	21.047.166	98.661.430	(29.584.417)	90.124.180
Eigið fé	(153.585)	124.822.455		124.668.870
Skuldir og eigið fé alls	20.893.582	223.483.885	(29.584.417)	214.793.050

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

6. Framlag ríkisins

Fjárveitingar í fjárlögum 2023 til reksturs Menntasjóðs námsmanna og eldri útlána námu 1.531,3 millj. kr. (2022: 1.603,8 m.kr.)

	2023	2022*
Framlag á fjárlögum	6.741.500	6.404.300
Námsstyrk ráðstafað á móti framlagi í afskriftareikning	(3.891.600)	(3.622.800)
Styrk vegna framfærslu barna ráðstafað á móti framlagi í afskriftareikning	(1.318.600)	(1.177.700)
Framlag ríkis í rekstrarreikningi, gamla og nýja kerfið	<u>1.531.300</u>	<u>1.603.800</u>

7. Fjármagnsliðir

Námslán á gangvirði sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	2023
Vaxtatekjur af námslánum	1.656.991
Verðbætur af námslánum	19.370.787
Gangvirðisbreyting námslána, sjá nánar skýringu 16	(16.481.116)
Samtals gangvirðisbreyting námslána	<u>4.546.662</u>

Vaxtatekjur eru raunvextir innheimtir og áfallnir á árinu 2023 samkvæmt skilmálum námslána. Verðbætur sýna áfallnar og greiddar verðbætur af öllum verðtryggðum lánum á árinu 2023.

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2023	2022*
Vaxtatekjur af námslánum		1.107.508
Reiknaðar verðbætur af námslánum		22.145.033
Vaxtatekjur af handbæru fé	1.491.685	590.117
Framlag í afskriftarreikning útlána		(12.308.175)
Aðrar vaxtatekjur	1.459	4.100
Fjármunatekjur samtals	<u>1.493.144</u>	<u>11.538.583</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2023	2022*
Vaxtagjöld langtímaskulda	(3.103.476)	(3.098.182)
Vaxtagjöld leiguskuldbindingar	(16.792)	
Reiknaðar verðbætur langtímaskulda	(6.750.770)	(7.718.745)
Uppgreiðsluafsláttur námslána	(336.590)	(505.572)
Önnur vaxtagjöld	(894)	(1.055)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(10.208.522)</u>	<u>(11.323.553)</u>

Hreinar fjármunatekjur

(4.168.716) 215.030

*Samanburðarfrjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

8. Laun og launatengd gjöld

Ársverk voru 30,91 á árinu 2023 samanborið við 33,37 á árinu 2022 sem er u.þ.b. rúmlega tveimur ársverkum færra en á fyrra ári. Laun- og launatengd gjöld á árinu 2023 lækka um tæplega 1% samanborið við 11,4% hækkun á árinu 2022.

	2023	2022*
Laun	310.956	299.394
Mótframlag í lífeyrissjóð	41.100	33.998
Önnur launatengd gjöld	29.165	33.353
Áfallið orlof, breyting	(8.070)	9.686
Laun og launatengd gjöld samtals	373.151	376.431
Starfsmannakostnaður	12.565	12.592
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður samtals	385.716	389.023

Laun og hlunnindi lykilstjórnenda greinast þannig:

	2023	2022*
<i>Framkvæmdastjóri</i>		
Laun	19.478	18.325
Framlög í lífeyrissjóð	3.019	2.098
	22.497	20.423
<i>Stjórn</i>		
Laun stjórnarformanns	2.228	1.900
Framlög í lífeyrissjóð stjórnarformanns	345	190
Laun meðstjórnenda	9.947	6.855
Framlög í lífeyrissjóð meðstjórnenda	1.542	610
	14.062	9.555
Samtals laun og hlunnindi lykilstjórnenda	36.559	29.977

9. Rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar að meðaltali um 1% milli ára samanborið við 20% hækkun í fyrra.

	2023	2022*
Vaxtastyrkir til námsmanna	896	4.496
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.179	1.689
Sími, afnotagjöld, póstburðargjöld	13.919	16.164
Funda- og ferðakostnaður	920	1.248
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	130.904	100.463
Rekstur og viðhald tölvukerfis	153.361	138.143
Húsaleiga	42.928	39.408
Húsaleiga - bakfærsla v IPSAS 43	(42.928)	
Húsnæðiskostnaður	10.494	9.621
Þjónustugjöld banka	23.520	19.547
Málskotsnefnd	7.294	3.096
Ýmis kostnaður	6.799	13.032
	350.284	346.907

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

10. Afskriftir

	2023	2022*
Afskriftir sundurliðast á eftirfarandi hátt:		
Varanlegir rekstrarfjármunir skv. skýringu 12	27.112	27.623
Óefnislegar eignir skv. skýringu 13	140.355	136.822
Afskriftir leigueignar skv. skýringu 14	33.291	
	<u>200.758</u>	<u>164.444</u>

11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur samanstanda af viðskiptareikningur ríkissjóðs vegna fjárframlaga og jöfnunarstyrkja og öðrum kröfum samanber neðangreind sundurliðun:

	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	2.801.494	653.580	653.580
Krafa vegna jöfnunarstyrkja	131.042	112.331	112.331
Aðrar kröfur	92.420	21.999	17.377
	<u>3.024.956</u>	<u>787.910</u>	<u>783.288</u>

Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í árslok 2023 nam krafa á ríkissjóð 2.801 millj. kr. en í ársbyrjun nam krafa á ríkissjóð 653,6 millj. kr. Breyting frá fyrra ári er eftirfarandi:

	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Staða í ársbyrjun	653.580	(21.850)	(21.850)
Ríkisframlag	6.741.500	6.404.300	6.404.300
Greitt úr ríkissjóði	(4.593.586)	(5.728.869)	(5.728.869)
Staða í árslok	<u>2.801.494</u>	<u>653.580</u>	<u>653.580</u>

Jöfnunarstyrkir

Jöfnunarstyrkir eru veittir samkvæmt reglugerð nr. 692/2003. Um er að ræða annars vegar dvalarstyrki til framhaldsskólanema sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð og hins vegar akstursstyrkir sem veittir eru til framhaldsskólanema sem sækja skóla fjarri lögheimili. Sjóðurinn hefur umsýslu með jöfnunarstyrkjum. Fjárveiting ársins 2023 vegna þessara styrkja voru 619 millj. kr. (2022: 572,7 millj. kr.). Greitt frá ríkissjóði á árinu 2023 voru 619 millj.kr. (2022: 578,7 millj. kr.). Þóknun sjóðsins nemur 1,5% af árlegu framlagi úr ríkissjóði og er færð undir liðinn aðrar tekjur, þóknun ársins 2023 nam 9,3 millj. kr. (2022: 8,6 millj. kr.).

Breyting frá fyrra ári er eftirfarandi:

	2023	2022*
Staða viðskiptareiknings í ársbyrjun	112.331	141.386
Móttekið framlag frá ríkissjóði	(619.000)	(578.700)
Veittir styrkir til skólaaksturs	8.444	8.308
Veittir jöfnunarstyrkir	621.345	529.236
Kostnaður vegna hugbúnaðarþróunar og auglýsingar ofl.	2.813	3.510
Vextir	(4.175)	0
Þóknun til Lánasjóðsins	9.285	8.591
Staða viðskiptareiknings í árslok	<u>131.042</u>	<u>112.331</u>

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Kostnaðarverð*	Skrifstofuáhöld	Húsbúnaður	Tölvubúnaður	Samtals
Staða 1. janúar 2022	26.579	182.069	49.968	258.616
Viðbætur ársins	5.403	939		6.342
Staða 31.12.2022 samkvæmt lög um um ársreikninga	31.982	183.008	49.968	264.958
Endurflokkað í IPSAS innleiðingu				
Staða 1.janúar 2023 samkvæmt IPSAS	31.982	183.008	49.968	264.958
Viðbætur ársins	5.521	1.042		6.563
Staða 31. desember 2023	37.502	184.050	49.968	271.521
Uppsafnaðar afskriftir*				
Staða 1. janúar 2022	14.056	101.549	48.269	163.874
Afskriftir ársins	4.209	22.235	1.179	27.623
Staða 31.12.2022 samkvæmt lög um um ársreikninga	18.265	123.784	49.448	191.497
Endurflokkað í IPSAS innleiðingu				
Staða 1.janúar 2023 samkvæmt IPSAS	18.265	123.784	49.448	191.497
Afskriftir ársins	4.663	21.930	520	27.112
Staða 31. desember 2023	22.928	145.714	49.968	218.609
Bókfært verð 1.1.2022	12.523	80.520	1.699	94.742
Bókfært verð 31.12.2022	13.717	59.224	520	73.461
Bókfært verð 31.12.2023	14.575	38.337	()	52.912
Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna:	5 - 10 ár	5 ár	5 ár	

13. Óefnislegar eignir

Kostnaðarverð*	Hugbúnaður
Staða 1. janúar 2022	1.438.006
Viðbætur ársins	99.933
Staða 31. desember 2022 samkvæmt lögum um ársreikninga	1.537.939
Endurflokkað í IPSAS innleiðingu	
Staða 1. janúar 2023 samkvæmt IPSAS	1.537.939
Viðbætur ársins	107.484
Staða 31. desember 2023	1.645.423
Uppsafnaðar afskriftir*	
Staða 1. janúar 2022	1.041.628
Afskrift ársins	136.822
Staða 31. desember 2022 samkvæmt lögum um ársreikninga	1.178.450
Endurflokkað í IPSAS innleiðingu	
Staða 1. janúar 2023 samkvæmt ISPAS	1.178.450
Afskrift ársins	140.355
Staða 31. desember 2023	1.318.804
Bókfært verð 1.1.2022	396.378
Bókfært verð 31.12.2022	359.489
Bókfært verð 31.12.2023	326.619
Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar	5 ár

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

14. Leigusamningar

MSNM er með leigusamning við Fasteignir ríkissjóðs um leigu á fasteign í Borgartúni 21. Leigusamningur gildir frá 1.febrúar 2020 til 1. febrúar 2035 og er samningsbundinn leigutími 15 ár. Leigusala og leigutaka er þó heimilt að segja leigusamningnum upp með 12 mánaða fyrirvara fram til 31. júlí 2026 og mun þá leigutíma ljúka þann 31. júlí 2027.

Leigueign

	Fasteignir
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2023	390.248
Verðbætur ársins af leiguskuldbindingu	28.944
Afskriftir ársins	(33.291)
Staða 31. desember 2023	<u>385.900</u>

Tímalengd samninga Til 1. febrúar 2035

Upphæðir færðar í rekstrarreikning

	2023
Afskriftir ársins af nýtingarrétti	(33.291)
Vaxtagjöld ársins af leiguskuldbindingu	(16.792)
Samtals gjaldfært á árinu	<u>(50.084)</u>

Leiguskuldbinding

	Fasteignir
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2023	390.248
Verðbætur ársins af leiguskuldbindingu	28.944
Afborgun ársins af leiguskuldbindingu	(26.135)
Staða 31. desember 2023	<u>393.056</u>

Afborganir af leiguskuldbindingu greinast þannig:

	2023
Næsta árs afborganir	28.011
Afborganir 2025	29.243
Afborganir 2026	30.530
Afborganir 2027	31.873
Afborganir 2028	33.276
Afborganir síðar	<u>240.122</u>
	393.056

Leiguskuldbinding skiptist þannig:

	2023
Skammtímaleiguskuldbinding	28.011
Langtímaleiguskuldbinding	365.045
	<u>393.056</u>

Gjalddagagreining, ónúvirtar leigureiðslur:

	2023
Innan árs	44.258
Eftir ár en innan 5 ára	177.030
5 ár og síðar	<u>272.922</u>
	494.210

Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 42,9 m.kr. á árinu 2023.

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

15. Fjármálagæringar

Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Bókfært verð og gangvirði fjáreigna og fjárskulda sundurliðast á eftirfarandi hátt eftir flokkum:

31.12.2023	Gangvirði um afkomu ársins	Afskrifað kostnaðarverð	Bókfært verð samtals	Gangvirði
Námslán	128.097.125		128.097.125	128.097.125
Aðrar kröfur		3.024.956	3.024.956	3.024.956
Handbært fé		23.030.455	23.030.455	23.030.455
Fjáreignir samtals	128.097.125	26.055.411	154.152.535	154.152.535
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		109.580	109.580	109.580
Vaxtaberandi langtímaskuldir		90.270.112	90.270.112	90.270.112
Fjárskuldir samtals		90.379.692	90.379.692	90.379.692
1.1.2023	Gangvirði um afkomu ársins	Afskrifað kostnaðarverð	Bókfært verð samtals	Gangvirði
Námslán	136.546.046		136.546.046	136.546.046
Aðrar kröfur		787.910	787.910	787.910
Handbært fé		20.066.002	20.066.002	20.066.002
Fjáreignir samtals	136.546.046	20.853.912	157.399.958	157.399.958
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		109.580	109.580	109.580
Vaxtaberandi langtímaskuldir		90.014.600	90.014.600	90.014.600
Fjárskuldir samtals		90.124.180	90.124.180	90.124.180

Taflan sýnir flokkun MSNM á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra. Það er mat stjórnenda og framkvæmdarstjóra Menntasjóðs að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði sé óverulegur.

16. Námslán

Námslán eru fjáreignir færðar á gangvirði um afkomu ársins 2023 (2022: afskrifað kostnaðarverð) og sundurliðast á eftirfarandi hátt eftir lánaflokkum:

	2023	1.1.2023	2022*
	Gangvirði	Gangvirði	Afskr.kostn.verð
Lánaflokkur V			158.778
Lánaflokkur S	4.992.547	5.462.909	16.139.307
Lánaflokkur R	8.025.760	9.110.695	14.979.056
Lánaflokkur G	98.742.081	108.303.338	200.738.772
Lánaflokkur H	16.336.736	13.669.104	20.302.621
Námslán samtals	128.097.125	136.546.046	252.318.534

Ívilnunarkjör námslána

Hlutverk Menntasjóðs námsmanna er að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir námsaðstoð í formi styrkja og námslána í samræmi við lög nr. 60/2020. Menntasjóður veitir þannig lán til námsmanna á sömu lánskjörum og ríkinu býðst á hverjum tíma hjá Endurlánum ríkissjóðs sem teljast undir markaðskjörum að viðbættu álagi sem standa á undir væntanlegum vanskilum á útlánum sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 60/2020. Þá felst styrkur ríkisins til námsmannna í greiðslufrestum (undanþágum frá afborgunum) eða öðrum ívilnunum s.s. að námslán sem eru í skilum falla niður við andlát greiðenda. Nánari upplýsingar um endurgreiðslukjör námslána sundurgreint eftir lánaflokkum er að finna aftar í þessari skýringu.

*Samanburðarfrjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

16. Námslán (framhald)

Breytingar á nafnverði námslána eftir lánaflokkum frá fyrra ári:

Nafnverð	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H	Samtals
Nafnverðsstaða í ársbyrjun 2022	145.014	15.962.136	15.437.619	195.858.280	10.833.300	238.236.349
Veitt lán á árinu				341.680	9.208.183	9.549.864
Afborganir ársins	(4.132)	(1.011.732)	(1.566.655)	(11.887.620)	(577.712)	(15.047.849)
Afskriftir vegna látinna lánþega		(86.010)	(67.844)	(169.186)	(4.994)	(328.034)
Afskriftir vegna 20 ára reglu	(2.695)					(2.695)
Afskriftir tapaðra krafna		(5)	(1.746)	(20.024)		(21.776)
Afskriftir vegna gjaldþrota		(6.527)	(328)	(81.662)		(88.517)
30% niðurfelling og styrkur eftir námslok					(459.670)	(459.670)
Barnastyrkur					(2.647)	(2.647)
Verðbætur ársins	18.221	1.446.975	1.370.658	17.730.025	1.324.470	21.890.348
Breyting ársins ógr. gjaldfallið	2.370	(165.529)	(192.647)	(1.032.722)	(18.311)	(1.406.839)
Nafnverðsstaða í ársbyrjun 2023	158.778	16.139.307	14.979.056	200.738.772	20.302.621	252.318.533
Leiðrétt frá fyrra ári					8.538	8.538
Veitt lán á árinu				121.567	8.555.358	8.676.925
Lán flutt yfir úr gamla kerfi	1.442					1.442
Afborganir ársins	(4.469)	(917.688)	(1.408.531)	(11.375.974)	(1.065.543)	(14.772.205)
Breytt í oflánsbréf				(2.849)	(107.080)	(109.929)
Breytt í vanskilaskuldabréf		(1.353)	(4.225)	(29.532)	(9.365)	(44.476)
Afskriftir vegna látinna lánþega	(449)	(100.878)	(67.017)	(237.771)	(4.651)	(410.766)
Afskriftir vegna 20 ára reglu	(853)					(853)
Afskriftir tapaðra krafna		(32.243)	(2.198)	(9.880)	(1)	(44.321)
Afskriftir vegna gjaldþrota		(306)	(49.655)	(149.497)		(199.459)
30% niðurfelling og styrkur eftir námslok					(1.192.741)	(1.192.741)
Barnastyrkur					(329.306)	(329.306)
Breyting á vöxtum flutt á höfuðstól við innheimtu					256.328	256.328
Verðbætur ársins	11.569	1.249.040	1.109.586	15.503.911	1.276.202	19.150.308
Breyting ársins ógr. gjaldfallið	(430)	(64.894)	(165.062)	(1.336.930)	(154.560)	(1.721.876)
Nafnverðsstaða í árslok 2023	165.586	16.270.984	14.391.954	203.221.817	27.535.800	261.586.142

Skýringar

16. Námslán (framhald)

Breytingar á gangvirði námslána á árinu 2023 (námslán eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði 2022, sbr. skýring 2):

Gangvirði	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H	Samtals
Gangvirði 1.1.2023		5.462.909	9.110.695	108.303.338	13.669.104	136.546.046
Veitt lán á árinu				121.567	8.555.358	8.676.925
Afborganir ársins	(4.469)	(917.688)	(1.408.531)	(11.375.974)	(1.065.543)	(14.772.205)
Áf. Vextir og verðb.	11.569	1.249.040	1.090.459	15.714.148	1.320.711	19.385.927
Aðrar breytingar	1.444	(35.555)	2.137	976.489	(6.110.836)	(5.166.320)
Gangvirðisbreyting	(8.544)	(766.159)	(769.000)	(14.997.488)	(32.058)	(16.573.248)
Gangvirði 31.12.2023		4.992.547	8.025.760	98.742.081	16.336.736	128.097.124

Almennar forsendur lánaflokka

	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H
Námslán veitt	1976-1982	1982-1992	1992-2005	2005 -	2010 -
Lög nr.	57 / 1976	72 / 1982	21 / 1992	140 / 2004	60 / 2020

Lánskjör:

Verðtrygging	Verðtryggð	Verðtryggð	Verðtryggð	Verðtryggð	Val um verðtryggð eða óverðtryggð
--------------------	------------	------------	------------	------------	-----------------------------------

Vextir	Vaxtalaus	Vaxtalaus	0,4%	0,4%	Breytilegir og bera vaxtaálag sem var 0,08% árið 2023 (0,8% 2022). Vaxtaþak 9% á óverðtryggð lán og 4% á verðtryggð lán að meðtöldu vaxtaálagi.
--------------	-----------	-----------	------	------	---

Endurgreiðsla	Hefst þremur árum eftir námslok og standa í 20 ár hið lengsta. Miðar við mismunandi hlutfall af tekjum umfram tiltekna viðmiðunartekjur	Hefst þremur árum eftir námslok og standa í 40 ár hið lengsta. Miðar við 4,4% af tekjum síðast liðins árs.	Hefst tveimur árum eftir námslok. Miðar við 3,4% af tekjum síðast liðins árs. Greiðslur af öðrum námslánum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.	Hefst tveimur árum eftir námslok. Miðar við 3,4% af tekjum síðast liðins árs.	Hefst einu ári eftir námslok. Greiðendur undir 35 ára sem ljúka námi með prófgráðu hafa heimild til að velja um hvort lánin séu endurgreidd sem tekjutengd lán (3,75% af tekjum síðastliðins árs) eða jafngreiðslulán.
---------------------	---	--	--	---	--

Skýringar

16.1 Gangvirðismat námslána

Útlánaflokkar sjóðsins eru fimm og allir með mismunandi lánakjörum. V-lán og S-lán eru verðtryggð en bera ekki vexti. R-lán og G-lán eru einnig verðtryggð og bera 0,4% vexti. Endurgreiðslur þessara lána eru tekjutengd og greiða lánþegar annars vegar 4,4% (R-lán) og 3,4% (G-lán) af tekjum ársins á undan í endurgreiðslur. H-lánin sem komu til sögunnar með lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna eru verðtryggð á meðan á námi stendur líkt og eldri lánaflokkar. Greiðendur H-lána velja hvort þeir endurgreiði lánin sem verðtryggð lán eða sem óverðtryggð lán. Megin reglan samkvæmt lögnum er að endurgreiða skuli H-lán sem jafngreiðslulán og ræðst fjöldi endurgreiðsluára af upphæð höfuðstóls og aldri greiðanda þ.e. að lánin séu uppgreidd áður en greiðandi verður 65 ára. Ef hins vegar lánatakandi er undir 40 ára (35 ára 5 árum eftir gildistöku laganna) þegar námi lýkur og lantaki lýkur námi með prófgráðu getur hann valið tekjutengdar endurgreiðslur og er endurgreiðsluhlutfallið 3,75% af tekjum ársins á undan. Sé lánþegi eldri endurgreiðir hann lánið sem jafngreiðslulán sem tekjur mið af höfuðstól lánsins og aldri lantakanda þegar endurgreiðslur hefjast en miðað er við að endurgreiðslum ljúki við 66 ára aldur. Vextir af lánunum sem standa sjóðnum til boða hjá ríkissjóði og tekin hafa verið til fjármögnunar útlána sjóðsins hafa verið hærrí en vextir af eldri námslánaflokkum. Nýju H-lánin bera hins vegar sömu vexti og sjóðurinn getur fjármagnað sig á á hverjum tíma að viðbættu 0,8% álagi. Álagið sem ákveða skal í úthlutunarreglum hvers árs tekur mið af væntum afföllum lánanna þar sjóðurinn skal vera sjálfbær af öllum útlánunum sínum samkvæmt nýjum lögum að undanskildu 30% niðurfellingu höfuðstóls láns ef námsmaður lýkur námi á réttum tíma. Þá eru jafnframt veittir barnastyrkir í stað barnalána sem falla einnig utan endurgreiðslu á námslánunum.

IPSAS 41 reikningsskilastaðlinn gera kröfu um að lánasafnið sé metið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á hverjum reikningsskiladegi. Sjóðurinn hefur því þróað líkan sem taka á þessu mati. Eins og fram kemur hér að ofan þá eru útlánaflokkar sjóðsins mjög mismunandi hvað varðar endurgreiðslur sem og að ýmis önnur ákvæði í lánaskilmálum þeirra hafa áhrif á gangvirðismatið og flækir það því töluvert líkanið. Hér er m.a. átt við ákvæði laga um R-lán og hluta H-lána hvað varðar endurgreiðslur sem kveða á um að þessi lán fara í forgang sé lánatakandi með fleiri lán sem tilheyra öðrum lánaflokkum sem þýðir þá auknar líkur á meiri afskriftum þeirra lána sem fara aftar í röðina og bíða endurgreiðslna þar til lán sem framar eru í forgangsröðinni eru að fullu greidd.

Námslánin sem flokkuð eru eftir lánaflokkunum, V, S, R, G og H falla í 3. stig í flokkunarkerfi gangvirðismats sem felur í sér að matið byggir ekki á forsendum sem eru aðgengilegar markaðsupplýsingar heldur byggir gangvirðismatið á mati stjórnenda á forsendum í áætluðum framtíðarsjóðstreymi og öðrum forsendum sem notaðar eru við núvirðingu í áætlðu sjóðstreymi. Lánakjör útlánaflokkanna eru ólík og vænt greiðslufleði hvers útláns er því háð þeim flokki sem þau tilheyra. Þetta þýðir að breyting hefur orðið á matsaðferð fyrir árið 2023 samhliða innleiðingu á IPSAS hjá sjóðnum. Áhrif breytinga á matsaðferð frá fyrra ári nemur 56,6 milljónum kr. Engar færslur eru á milli stiga í flokkunarkerfi gangvirðismats frá samanburðarári.

Núvirðislikanið. Eins og fram hefur komið hér að ofan þá eru endurgreiðsluskilmálar lánaflokka sjóðsins mismunandi bæði hvað varðar vexti, forgang í endurgreiðslum skuldi námsmaður fleiri en eitt lán, hlutfall tekna árs sem miðað er við í endurgreiðslum, hvort um sé að ræða endurgreiðslur miðað við tekjur eða jafngreiðslulán líkt og hluti nýja lánaflokksins er og jafnframt í þeim lánaflokki hvort greiðendur velja verðtryggt eða óverðtryggt lán þegar endurgreiðslur hefjast. H-lán falla niður við andlát lánþega sé lánið í skilum. Styrkur eldri lánaflokka fólst í lágum vöxtum, lágri greiðslubyrði í endurgreiðslum sem taka mið að tekjum lánþega og afskriftum við andlát sé lánið í skilum. Nýju lánin hins vegar fela í sér beina niðurfellingu höfuðstóls þegar greiðslur hefjast sem nemur 30% ljúki námsmaður námi sínu á réttum tíma og framfærsla barna er veitt sem styrkur. Fleiri þættir sem hafa áhrif á flækjustig í lánasafninu og auka líkur á afskriftum og lægra gangvirðismati eins og fram kemur í umfjöllun hér að ofan er að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að greiðandi námslána greiði einungis af einu námsláni í einu (víkjandi skilmálar) með undantekningu þ.e. á H-lánunum þegar námsmaður sem ekki getur valið tekjutengingu í endurgreiðslum greiðir af H-láni sínu og einnig eldri lánunum sé þeim til að dreifa.

Þá hefur einnig áhrif á líkanið að sjóðnum ber að lána námsmönnum án trygginga eða veða að því undanskildu að námsmaðurinn sé á vanskilaskrá, í gjaldprotameðferð eða sjóðurinn hefur þurft að afskrifa áður námslán hjá honum. Þá falla jafnframt niður þessar ábyrgðir við andlát ábyrgðarmanns að sömu kröfum uppfylltum. Það að lánasafnið sé að nánast öllu leyti án ábyrgða hefur ekki bara áhrif á gangvirðið heldur hefur jafnframt áhrif á mat á því við hvaða vexti skuli nota við núvirðingu þess.

Ávöxtunarkrafa. Til að komast að niðurstöðu í við hvaða ávöxtunarkröfu skuli miða við voru skoðuð þau vaxtakjör sem bankarnir bjóða uppá og rætt við þá hvaða kjör þeir myndu hugsanlega bjóða námsmönnum. Fram kom að bankarnir bjóða nú þegar námsmönnum betri kjör en þeir bjóða almenningi en hins væri ólíklegt að bankarnir myndu lána til námsmanna án nokkurra ábyrgða hvað þá háar fjárhæðir líkt og sumir lánþegar námslána taka sem fara í dýrt nám o.s.frv. Þrátt fyrir það var niðurstaðan að þau vaxtakjör sem kæmu næst þessu og væru hagstæð fyrir námsmenn væru kjörvextir bankanna á skuldabréfum hugsanlega með álagi en ekki er gert ráð fyrir því í þessum útreikningum. Meðalvextir skuldabréfa óverðtryggðra lána 2023 voru 11,82% og 2022 8,18%. Meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa lána voru hins vegar 5,27% á árinu 2023 og 4,35% á árinu 2022.

Skýringar

16.1 Gangvirðismat námslána (framhald)

Niðurstaða á gangvirðis („fair value“) ávöxtunarkröfu miðað við vegið meðaltal lánasafns á verðtryggðum og óverðtryggðum lánnum er 5,75% á árinu 2023 og 4,57% á árinu 2022. Núvirði verður því 128,1 milljarða kr. á árinu 2023 og 136,5 milljarðar kr. á árinu 2022 (Innleiðing 1.1.2023, sjá skýringu 2).

Eitt af markmiðum laga nr. 60/2020 var að gera námsaðstoð ríkisins gagnsærri með því að 30% af námsláni geti breyst í styrk sé námi lokið á tilsettum tíma og ljúki með prófgráðu en á móti kom að vextir námslána voru hækkaðir í átt að vöxtum á markaði þó þannig að vextir afborgana námslána eru þeir sömu og ríkissjóði bjóðast á hverjum tíma hjá Endurlánum ríkissjóðs og því lægri en markaðsvextir.

Til álita kom að undanskilja H-lán þessum núvirðisútreikningi á þeirri forsendu að lánakjör H-lána eru nær markaðsvöxtum eftir að tekið hefur verið tillit til 30% niðurfellingar. En þar sem nokkur vaxtamunur er á þeim vöxtum sem standa námsmönnum til boða á markaði og þeim vaxtakjörum sem standa sjóðnum til boða var það mat stjórnenda að beita einnig núvirðisútreikningi á H-lánaflokkinn.

Aðrar forsendur við mat á núvirði lánasafnsins.

Þar sem ákveðin skilyrði eru fyrir því að lánþegar fái lækkan höfuðstóls og lítil reynsla er komin á það hversu margir muni ekki uppfylla þær kröfur sem settar eru fyrir niðurfærslu höfuðstóls er gefin sú forsenda að 90% lántakandi muni ná því þ.e.a.s. lánþegar sem hafa tekið H-lán allan sinn námsferil. Reynslutölur síðustu tveggja ára (60% 2023 og 52% 2022) eru hér að mati stjórnenda sjóðsins ekki marktækar þar sem þeir lánþegar sem hafa hafið endurgreiðslur H-lána voru flestir með meirihluta lána sinna í eldri G-lánnum. Þannig hefur þessi lánþegahópur ekki haft sama hvata til að ljúka námi á réttum tíma né tóku þeir mið af þessu við skipulagningu náms síns. Þá geta greiðendur komið með staðfestingu á prófgráðu eftir að þeir hafi hafið greiðslur og fengið þar með styrk þrátt fyrir að þeir hafi einhverra hluta vegna ekki skilað inn gögnum því til staðfestu. Þetta á einkum við um námsmenn erlendis. Varðandi barnastyrk þá sína reynslutölur að nánast allir námsmenn sem eru með börn á framfæri sínu fá hann og því er miðað við 100% barnastyrk í líkaninu.

Val greiðenda þ.e. þeirra sem voru 40 ára og yngri um hvort þeir hafi völdu tekjutengdar afborganir eða jafngreiðslulán eru háðar sömu annmörkum og hér að ofan og því til viðbótar þá eru upphæðir H-lána þessara greiðanda lægri en ella þar sem lántökurnar eru einungis fyrir hluta af námsferlinum. Þetta getur því haft áhrif á að greiðendur vilji greiða til baka á skemmri tíma í stað þess að velja tekjutengdar afborganir af því að það lækkar greiðslubirgði þeirra. Niðurstaða í vali var að tæplega 71% þessara greiðanda sem gátu valið tekjutengdar afborganir völdu jafnar afborganir.

Þróa þarf líkanið áfram á næsta ári og skoða betur. Hér má nefna að meta þurfi betur áhrif á núvirði lána greiðanda sem eru bæði með H-lán og G-lán þar sem hluti þessara lánþega geta valið að greiða fyrst H-lánin og því þarf að meta væntanlegar auknar afskriftir G-lána hjá þessum lántakendum. Í þessum útreikningum er þetta hins vegar metið gróflaga (1,5 milljarðar kr.). Í líkaninu er gengið út frá lífslíkum Íslendinga sem eru 83 ár en ekki lífslíkum lánþega við töku lána eða þegar þeir hefja endurgreiðslur né heldur meðalaldur lánþega sjóðsins og lífslíkum hópsins á þeim tímapunkti. Segja má að þetta sé annars vegar gert til einföldunar sem og að greiðendur tekjutengdra námslána greiða af þeim þar til þeir falla frá og þetta mat er því að mati stjórnenda. Því má velja því upp hvort fara eigi út að auka flækjustig líkansins m.t.t. þessa mismunandi forsenda varðandi lífaldur. Önnur atriði sem huga má að frekar í líkaninu á næstu árum væru nánari útfærsla á áhrif undanþága greiðslna vegna nýju útlánanna og heimild sjóðsins til að veita undanþágur. Nýju útlánin (H-lánin) eru flóknari en eldri lánaflokkar m.a. með tilliti til öryrkja þar sem einungis þeir sem verða öryrkjar eftir að námið hefst eiga rétt á undanþágu seinna meir en þetta ákvæði gildir ekki um eldri lán.

Helstu forsendur gangvirðislíkans og næmnigreining

	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H
Forsendur gangvirðis					
Ávöxtunarkrafa	5,75%	5,75%	5,75%	5,75%	5,75%
Eftirlaunaaldur	69	69	69	69	69
Tekjurskerðing við eftirlaun	43,8%	43,8%	43,8%	43,8%	43,8%
Væntur lífaldur	83	83	83	83	83
Vænt launaþróun	0,3% - 1,6%	0,3% - 1,6%	0,3% - 1,6%	0,3% - 1,6%	0,3% - 1,6%
30% Niðurfærsluhlutfall*	0%	0%	0%	0%	90%

Næmnigreining gangvirðis

	Hækkun	Lækkun
Breyting á ávöxtunarkröfu um 50 pp	(5.271)	5.711
Breyting eftirlaunaaldurs um 10%	1.544	(1.828)
Breyting lífaldurs um 10%	1.631	(3.117)
Breyting tekjuskurðingar við eftirlaun um 10%	(252)	253
Breyting væntrar launaþróunar um 10%	7	(2)

Skýringar

16.1 Gangvirðismat námslána (framhald)

Veðsetningar

Ábyrgða er krafist ef lánþegi telst ekki tryggur lántakandi. Ábyrgðarmenn eru fyrir námslánum að fjárhæð 1.535,6 milljónir (2022: 1.644,1 milljónir). Námslán sem veitt hafa verið gegn veði í fasteignum nema óverulegum fjárhæðum.

Stigkerfi gangvirðis

Aðferðir við gangvirðismat eru skilgreindar á eftirfarandi hátt í samræmi við stigskiptingu gangvirðis í IPSAS 30:

- Stig 1: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum
- Stig 2: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbr
- Stig 3. Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum

Námslán eru færð á gangvirði um afkomu ársins og falla þær fjáreignir undir stig 3 þar sem forsendur verðmatsaðferða eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

MSNM metur í lok hvers reikningsskilátímabils hvort eignir sem metnar eru til gangvirðis hafi færst á milli þrepa, með því að yfirfara flokkunina og er þá byggt á uppruna þeirra forsenda sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat fjáreigna.

17. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir eru eftirfarandi:

	2023	1.1.2023	2022*
Ríkissjóður, verðtryggð með vísitölu neysluverðs (vextir 1,95-5,35%)	30.302.332	30.628.249	30.628.249
LSR, verðtryggð með vísitölu neysluverðs (vextir 2,26-4,25%)	57.999.794	57.411.390	57.411.390
Áfallnir vextir	1.967.986	1.974.961	1.974.961
Vaxtaberandi skuldir samtals	90.270.112	90.014.600	90.014.600
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(6.785.079)	(6.269.170)	(6.269.170)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	83.485.033	83.745.430	83.745.430
Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig á næstu ár:			
Afborganir 2024/2023	6.785.079	6.269.170	6.269.170
Afborganir 2025/2024	6.785.079	6.269.170	6.269.170
Afborganir 2026/2025	6.785.079	6.269.170	6.269.170
Afborganir 2027/2026	6.785.079	6.269.170	6.269.170
Afborganir 2028/2027	6.785.079	6.269.170	6.269.170
Síðar	54.376.733	56.693.789	56.693.789
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir	88.302.127	88.039.639	88.039.639
Hreyfingar greinast þannig:			
Staða í ársbyrjun	88.039.639	86.266.890	86.266.890
Afborganir lána	(6.488.283)	(5.945.996)	(5.945.996)
Verðbætur	6.750.770	7.718.745	7.718.745
Staða í árslok	88.302.127	88.039.639	88.039.639
Vegið meðaltal vaxta	3,41%	3,43%	3,43%

Öll langtímalán sjóðsins voru upphaflega frá Endurlánum ríkissjóðs. Lánin eru alls 47 og til 25 ára. Þau eru verðtryggð með föstum vöxtum. Breyting var gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum, sem tók gildi 1. janúar 2017 þar sem breytingar á lögnum lúta m.a. að því að gera Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) sjálfbæran. Til að fjármagna kostnað ríkissjóðs vegna þessa var ákveðið að framselja stóran hluta lánasafns ríkissjóðs vegna MSNM til LSR. Fjöldi lána MSNM til innheimtu hjá LSR eru 27 en 20 hjá Endurlánum ríkissjóðs.

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	2023	1.1.2023	2022*
Viðskiptaskuldir	62.306	109.580	109.580
	<u>62.306</u>	<u>109.580</u>	<u>109.580</u>

19. Áhættustýring

MSNM stendur frammi fyrir áhættum í starfsemi sinni sem tengjast markmiðum og hlutverki MSNM. Umgjörð samhæfðrar áhættustýringar setur ramma um feril áhættustýringar sem er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra MSNM. Framkvæmdastjóri ásamt stjórnendum bera ábyrgð á að þróaðar séu aðferðir við að greina, meta, mæla og stýra áhættum í starfseminni ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum.

Innleiðing samhæfðrar áhættustýringar hjá MSNM hófst með áhættustefnu dags. 25. október 2016. Áhættustefnan miðast við rekstraráhættur MSNM sem eru í reglubundinni vöktun yfir árið en aðrar helstu áhættur hafa verið skilgreindar og eru mældar að lágmarki árlega. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga:

- Lánsáhætta
- Markaðsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Rekstraráhætta

Hér að neðan eru veittar upplýsingar um ofangreinda áhættuþætti ásamt stefnu, markmiðum og aðferð MSNM til að lágmarka og stýra áhættunni.

Lánsáhætta

Lánsáhætta felur í sér hættu á fjárhagslegu tapi MSNM ef mótaðili fjármálagerninga getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta MSNM er fyrst og fremst vegna lánveitinga til námsmanna og felst í því að lán fáist ekki endurgreidd þar sem endurgreiðslur eldri lána eru háðar tekjum og hluta lána sem veitt eru samkvæmt nýjum lögum og undanþágur fyrir greiðslum eru heimilar samkvæmt lögum um MSNM. Þá falla lán jafnframt niður við andlát lánþega. Endurgreiðsluáhættan eykst samhliða auknum lánveitingum til námsmanna. Heildarútlánaáhætta MSNM vegna námslána takmarkast þar sem hún dreifist á fjölda námsmanna auk þess sem útlán byggja á upplýstum lánaákvörðunum og úthlutunarreglum í samræmi við lög um MSNM nr. 60/2020 Þeir námsmenn sem teljast ekki lánsþæfir hjá sjóðnum þurfa ábyrgðarmann fyrir lánnum sínum eða geta sett fasteign að veði til tryggingar námsláni.

Stjórnendur og framkvæmdarstjóri MSNM fylgjast með innheimtanleika námslána með reglubundnum hætti. Lánsáhætta endurspeglast í gangvirðismati námslána og þar með gangvirðisbreytingu sem færð er í gegnum rekstrarreikning vegna námslána MSNM. Námslán eru afskrifuð í gegnum gangvirðisbreytingu í rekstrarreikningi við andlát lánþega, gjaldþrot eða við aðrar sérstakar aðstæður sem samræmast lögum um MSNM nr. 60/2020. Lán með ábyrgðum eða veði hjá MSNM nema 1.535,6 millj. kr. (2022: 1.644,1 millj. kr.). Nýr lánaflokkur, H-lán, voru kynnt til sögunnar á árinu 2020 og eru þau innheimt með 0,8% (2022: 0,8%) vaxtaálagi sem tekur mið af væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Vaxtaálagið er ákveðið og birt í úthlutunarreglum hvers árs í samræmi við lög um MSNM. MSNM fær fjárframlög frá Ríkissjóði vegna niðurfellingar á námslánum og ívilnana samanber skýring 6. Þá má sjá nánar áhrif af endurgreiðsluáhættu í skýringu 16 um námslán.

Ekki er talin vera lánsáhætta í tengslum við aðrar kröfur hjá MSNM þar sem þær samanstanda fyrst og fremst af viðskiptareikningi við Ríkissjóð samanber skýringu 11 og útlánaáhætta er talin vera óveruleg. Þá eru fjárhæðir annarra krafna óverulegar og útlánaáhætta er talin takmörkuð. Ekki er færð niðurfærsla vegna útlánaáhættu tengdri handbæru fé þar sem um er að ræða bankainnstæður hjá traustum fjármálastofnunum þar sem útlánaáhætta er talin óveruleg.

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

19. Áhættustýring (framhald)

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Námslán á gangvirði	128.097.125	136.546.046	-
Námslán á afskrifuðu kostnaðarverði	-	-	193.510.810
Aðrar kröfur (án fyrirframgreiðslna)	3.024.956	787.910	783.288
Bankainnstæður	23.030.455	20.066.002	20.066.002
	<u>154.152.535</u>	<u>157.399.958</u>	<u>214.360.100</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á að vaxtabreytingar á fjármálamörkuðum og verðtrygging hafi neikvæð áhrif á afkomu og eigið fé MSNM vegna breytinga á virði og sjóðstreymi fjármálagerninga sjóðsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á því að vaxtabreytingar hafi áhrif á hreinar vaxtatekjur eða gangvirði fjármálagerninga. Vaxtaberandi langtímaskuldir MSNM bera fasta vexti en útlán til námsmanna bera ýmist fasta eða breytilega vexti. Námslán samkvæmt lögum nr. 60/2020 bera sömu vexti og ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu 0,8% álagi sem ætlað er að standa undir afföllum af endurgreiðslu námslána. Vaxtaáhætta MSNM vegna eldri lána felst í því að MSNM geti ekki endurspeglað eigin fjármögnunarkjör í útlánum sínum til námsmanna og þannig rekið með neikvæðum vaxtamun sem lækkar núvirði útlánanna. Sjá hér fyrir neðan hreinan vaxtajöfnuð MSNM ásamt næmnigreiningu vaxta.

Vaxtaberandi fjármálagerningar MSNM í árslok greinast þannig:

	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Vaxtaberandi fjáreignir			
<i>Breytilegir vextir</i>			
Innstæður hjá fjármálastofnunum	23.030.455	20.066.002	20.066.002
Námslán	16.336.736	13.669.104	12.584.273
	<u>39.367.191</u>	<u>33.735.106</u>	<u>32.650.275</u>
<i>Fastir vextir</i>			
Námslán	111.760.388	122.876.942	180.926.537
Vaxtaberandi fjáreignir samtals	<u>151.127.580</u>	<u>156.612.048</u>	<u>213.576.812</u>
Vaxtaberandi fjárskuldir			
<i>Fastir vextir</i>			
Langtímaskuldir	90.270.112	90.014.600	90.014.600
	<u>90.270.112</u>	<u>90.014.600</u>	<u>90.014.600</u>
Hreinn vaxtajöfnuður	<u>90.270.112</u>	<u>90.014.600</u>	<u>90.014.600</u>

Vaxtakjör námslána koma fram í skýringu 16 og vaxtakjör á lántökum Menntasjóðs koma fram í skýringu 17 um vaxtaberandi langtímaskuldir.

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

19. Áhættustýring (framhald)

Næmnigreining vaxta

Taflan hér að neðan sýnir næmni núvirðis vaxtaberandi eigna fyrir vaxtabreytingum. Í núvirðisútreikningum er tekið tillit til líkinda á uppgreiðslu lána og tekið mið af samningsbundnum gildistíma vaxta. Gert er ráð fyrir að vextir séu allir jafn næmir fyrir vaxtastigi á markaði. Taflan sýnir hver áhrif af 100 punkta breytingu á vöxtum hefði á rekstrarafgang og hreina eign meðal eigin fjár Menntasjóðs á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra eigna sem koma fram hér að ofan sem bera breytilega vexti og miðist við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á að allar breytur, haldist óbreyttar.

	31.12.2023		1.1.2023	
	-100 pkt.	100 pkt.	- 100 pkt.	100 pkt.
Gangvirðisbreyting námslána				
Námslán gangvirði	11.914.794	(10.146.884)	13.949.280	(11.734.337)
Vaxtatekjur af handbæru fé	(14.917)	14.917	(5.901)	5.901
Hrein áhrif vaxtabreytinga	11.899.878	(10.131.967)	13.943.379	(11.728.436)

Verðtryggingaráhætta

Lánveitingar Menntasjóðs námsmanna til námslána er verðtryggður og öll langtímalán eru verðtryggð og því er virði hluta eigna og skulda næmt fyrir breytingum á vísitölu neysliverðs. Sjóður stendur frammi fyrir verðtryggingaráhættu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Breyting vísitölu neysliverðs hefur þannig meiri áhrif á fjármunatekjur en fjármagnsgjöld. Sjá nánar verðtryggingarjöfnuð að neðan.

Bókfært virði verðtryggðra eigna og skuldbindinga

	31.12.2023	1.1.2023	31.12.2022*
Verðtryggðar eignir			
Námslán	125.813.842	135.026.675	250.061.823
Verðtryggðar skuldir			
Langtímaskuldir	90.270.112	90.014.600	90.014.600
Verðtryggingarjöfnuður	35.543.730	45.012.075	160.047.223

Næmni gagnvart verðbreytingaráhættu

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 100 punkta hækkun/lækkun vísitölu neysliverðs hefði á afkomu og hreina eign meðal eigin fjár MSNM á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra verðtryggðu eigna og skulda sem koma fram hér að ofan og miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á að allar breytur, haldist óbreyttar.

	31.12.2023		1.1.2023	
	-100 pkt.	100 pkt.	- 100 pkt.	100 pkt.
Áhrif á afkomu og hreina eign	239.513	(247.752)	116.044	(114.137)

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

19. Áhættustýring (framhald)

Lausafjár og fjármögnunaráhætta

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta er hættan á að MSNM geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Lausafjárahætta MSNM felst í því að meiri óvissa er hvað binditíma námslána varðar en binditími langtímaskulda. Langtímaskuldir MSNM eru til 25 ára en endurgreiðslutími námslána í lánaflokki H-lána hefst 1 ári eftir námslok eða síðustu lánveitingu sem námsmaður þáði frá MSNM og standa yfir þar til skuld er uppgreidd eða lánþegi fellur frá. Endurgreiðsla H-lána getur bæði verið verðtryggð eða óverðtryggð lán með tekjutengingu, óverðtryggð eða verðtryggð jafngreiðslulán. Endurgreiðsla eldri lánaflokka samanstendur bæði af fastri afborgun og tekjutengingu auk þess sem greiðendur fá afslætti vegna aukainnborgunar eða uppgreiðslu láns sem getur numið allt að 15%. Markmið MSNM er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að sjóðurinn sé alltaf með nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum er þær falla á gjalddaga. MSNM er þannig með virka fjárstýringu þar sem þróun lausafjár og gjalddagar fjárhagsskuldbindinga er greind fram í tímann og byggir á skilgreindu áhættumati. Þannig er farið yfir stöðu lausafjár og fjárhagsskuldbindinga a.m.k. einu sinni í mánuði.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta á tapi sem stafar af rangri afgreiðslu starfsmanna vegna ófullnægjandi verkferla eða upplýsingakerfa, aðgerðum eða aðgerðaleyfi starfsmanna, mistökum, sviksemi eða vegna ytri atburða í rekstri MSNM. Rekstraráhætta nær þannig yfir starfsmannaáhættu, áhættu vegna upplýsingatækni, áhættu vegna sviksemi, áhættu vegna aðstöðu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana, upplýsingaáhættu sem og orðsporsáhættu og útvistunaráhættu.

20. Tengdir aðilar

Sjóðurinn telst til A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi og heyrir undir Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Sjóðurinn starfar í samræmi við lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna.

Til tengdra aðila teljast starfsmenn sjóðsins, stjórn, háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið og önnur ráðuneyti ásamt öðrum opinberum stofnunum.

Framlög til MSNM eru í samræmi við fjárlög og lög nr. 60/2020 um Menntasjóð, sjá skýringu 6. Þá er greint frá launagreiðslum til lykilstjórnenda í skýringu 8.

Engin viðskipti hafa verið á milli MSNM og ríkissjóðs eða annarra tengdra aðila umfram þau sem hafa verið nefnd hér að ofan og samræmast rekstrartilgangi MSNM og lögum.

21. Lög um Menntasjóð námsmanna

Lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna hafa það að markmiði að útlán sjóðsins skv. nýju lögum, H-lánin, standi undir sér að undanskildum 30% styrk til námsmanna ljúki þau námslánunum á réttum tíma og barnastyrkja í stað barnalána. Vextir endurgreiðslna H-lána eru breytilegir og ákvarðast af því hvaða vaxtakjörum ríkissjóði bjóðast á markaði á hverjum tíma að viðbættu vaxtaálagi sem tekur mið af væntum afföllum. Þá geta námsmenn valið um verðtryggð eða óverðtryggð námslán og er vaxtaþak er sett á endurgreiðslur námslána sem nemur 4% vegna verðtryggðra lána að viðbættu vaxtaálagi en 9% vegna óverðtryggðra lána.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lagt áherslu á að gerður sé greinarmunur á milli eldri lánaflokka sjóðsins og nýrra H-lána með það að markmiði að geta séð hvernig nýja námslánakerfið kemur út yfir lengra tímabil. Fjárhæð útlána H-lánanna er sýnd í skýringu 16.

Ný lög um sjóðinn voru samþykkt 9. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí 2020. Fyrstu útlán samkvæmt nýjum lögum hófust í ágúst 2020. Alls voru veitt lán samkvæmt nýjum lögum fyrir 8,6 milljarð króna á árinu 2023 (9,5 milljarð króna á árinu 2022). Miðað við meðalvexti á endurgreiðslum námslána sem námu 2,38% á árinu 2023 (2022: 0,63%) sem eru sömu vextir og sjóðnum og ríkissjóði buðust hjá Endurlánum ríkissjóðs þá er reiknaður kostnaður H-lánanna af lántökum vegna útlána því 122,5 millj. kr. (2022: 35,6 millj. kr.), í samræmi við skýringu 5.

Skýringar

19. Áhættustýring (framhald)

22 Atburðir eftir reikningsskiladag

Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir lagði fram á haustþingi á árinu 2023 skýrslu um reynslu af nýjum lögum nr. 60/2020 um MSNM og í framhaldi af því hefur hún boðað breytingar á lögum um sjóðninn sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda nú mars. Var frumvarpið sem þar er lagt fram unnið í nánú samstarfi við námsmannahreyfingarnar, stjórn MSNM, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Helstu breytingar sem ráðherra boðar eru í fyrsta lagi örlitil rýmkun á námsstyrk þ.e. ef námsmaður líkur námi á fyrsta námsári og fer í annað nám strax á næsta skólaári ávinnt styrkur vegna tveggja námsleiða ljúki námsmaður námi samkvæmt skipulagi síðari námsleiðarinnar. Í öðru lagi niðurfellingu ábyrgðarmanna að fullu og öllu leyti. Í þriðja lagi að sjóðnum sé óheimilt að endurlána og verður skylt að taka lán hjá Endurlánum ríkissjóðs fyrir öllum útgreiðslum sjóðsins vegna námslána og að fjármálaráðuneytið skuli setja reglugerð um nánari útlitun á fjármögnun sjóðsins.

23. Fimm ára yfirlit í millj. kr.

Á verðlagi hvers árs	2023	1.1.2023	2022*	2021*	2020*
Rekstur					
Hreinar fjármunatekjur (gjöld).....	(8.715)	12.523	12.523	5.057	3.292
Aðrar rekstrartekjur.....	139	120	120	119	101
Önnur rekstrargjöld.....	(937)	(900)	(900)	(852)	(911)
Námslán á gangvirði.....	4.547	0	0	0	0
Framlag á afskriftareikn. útlána.....	0	(12.308)	(12.308)	(2.441)	(938)
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags..	(4.966)	(566)	(566)	1.884	1.543
Ríkisframlag.....	1.531	1.604	1.604	2.749	2.870
Tekjuafgangur ársins.....	(3.435)	1.038	1.038	4.633	4.414
Efnahagur					
Handbært fé.....	23.030	20.066	20.066	17.297	15.951
Útlán.....	279.118	267.906	267.910	252.187	245.588
Afföll gangvirðis/Afskriftareikningur.....	(151.021)	(131.360)	(74.399)	(58.210)	(53.133)
Aðrar eignir.....	3.790	1.611	1.216	647	468
Eignir alls.....	154.918	158.223	214.793	211.920	208.874
Langtímaskuldir.....	90.270	90.015	88.040	86.267	87.762
Aðrar skuldir.....	455	500	2.085	2.023	2.115
Skuldir alls.....	90.725	90.514	90.124	88.290	89.876
Eigið fé.....	64.192	67.709	124.669	123.631	118.998
Skuldir og eigið fé alls.....	154.918	158.223	214.793	211.920	208.874

*Samanburðarfjárhæðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, sjá skýringu 2.

Skýringar

24. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

Skráning tekna

Framlag ríkisins

Framlag ríkisins byggir á fjárframlögum sem samþykkt eru á Alþingi í lok hvers árs fyrir næstkomandi rekstrarár og er metið á gangvirði móttækis endurgjalds frá ríkinu. Tekjur eru færðar þegar hægt er að meta framlag með áreiðanlegum hætti og MSNM hefur móttækið framlag til umsýslu og reksturs í samræmi við lög um Menntasjóð nr. 60/2020. Auk framlags til umsýslu og reksturs þá leggur ríkið Menntasjóð jafnframt til fjárframlag vegna styrkgreiðslu til framfærslu barna og niðurfellingar á námslánum. Hafi Menntasjóður móttækið framlag frá ríkissjóði fyrir áramót vegna styrkja sem til stendur að úthluta eftir áramót, er færð skuldbinding í ársreikningi.

Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur samanstanda fyrst og fremst af tilkynningargjöldum og þóknun vegna jöfnunarstyrkja. Þóknun vegna jöfnunarstyrkja er færð til tekna þegar þjónusta hefur verið veitt vegna jöfnunarstyrkja.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé og gangvirðisbreytingum námslána. Vaxtatekjur af handbæru fé eru færðar þegar líklegt þykir að MSNM muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Gangvirðisbreyting námslána samanstendur af vaxtatekjum og verðbótum af veittum námslánum, tekjum af lántökugjöldum ásamt ívilnunum af veittum námslánum í formi vaxta, höfuðstóls eða greiðslufresta samanber skýring 7. Þá hafa aðrar forsendur jafnframt áhrif á gangvirðisbreytingu námslána samanber skýring 7. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði og verðbótum af fjárskuldum. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til miðað við aðferð virkra vaxta.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Skýringar

24. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af hugbúnaði. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega og skulu þær þá sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftast ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar þegar samningsbundin réttur eða skylda til greiðslu myndast hjá sjóðnum.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður sem rekja má beint til kaupa eða útgáfu fjáreigna eða fjárskulda sem ekki eru færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er bætt við eða dreginn frá gangvirði við upphaflega skráningu eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er færður strax í rekstrarreikning.

Fjáreignir

Til fjáreigna teljast námslán, handbært fé, kröfur á ríkissjóð og aðrar kröfur.

Flokkun fjáreigna eftir upphaflega skráningu

Fjáreignum er skipt í þrjú flokka; fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði í gegnum afkomu eða fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Flokkun þeirra fer eftir eðli og viðskiptalíkani félagsins fyrir viðkomandi fjáreignir.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru kröfur á ríkissjóð, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum og bundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum.

Skýringar

24. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjáreignir á gangvirði í gegnum afkomu

Námslán MSNM eru metin á gangvirði í gegnum afkomu á hverjum reikningsskiladegi í samræmi við IPSAS 41 Fjármálagerningar. Námslán MSNM fela í sér innbyggðar afleiður og er reikningshaldsleg meðferð sú sama og í tilfelli námslána. Sjá nánar varðandi námslán MSNM, gangvirðisaðferð og forsendur í skýringu 16 um námslán.

Fjáreignir á gangvirði um aðra heildarafkomu

Samstæðan á engar fjáreignir sem falla í þennan flokk.

Virkir vextir

Vaxtatekjur af fjáreignum öðrum en þeim sem metnar eru á gangvirði í gegnum afkomu eru færðar miðað við virka vexti nema fyrir skammtímakröfur þegar áhrif afvöxtunar eru óveruleg.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir sjóðsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlikans IPSAS 41 eru kröfur á ríkissjóð og handbært fé. Ekki er metið vænt útlánatap í tengslum við kröfur á ríkissjóð og handbært fé þar sem líkur á útlánatapi eru taldar óverulegar, sjá nánar í skýringu 19 undir liðnum útlánaáhætta.

Afskráning fjáreigna

Menntasjóðurinn afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annars aðila.

Fjárskuldir

Til fjárskulda teljast langtímaskuldir og viðskiptaskuldir.

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega skráningu miðað við aðferð virkra vaxta.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi vísitölu í lok tímabilsins. Vextir eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi er þeir falla til miðað við aðferð virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sjóður afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

Skýringar

24. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur MSNM hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar (leigueign) og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslu breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueign er afskrifuð á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða hinnar leigðu eignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð leiguegn felur í sér kauprétt á hinu leigða, þá er leigueign afskrifuð á líftíma hins leigða. Leigueign er afskrifuð frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar MSNM ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.